



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

Haldinn 27. janúar 2021 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 20:00

Fundinn sátu: Árni Áskelsson (ÁÁ), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓA), Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG)

Dagskrá

1. Viðgerð á stóra gæslubát

Suzuki viðgerðarverkstæðið áætla að efni og vinna kosti um 270.000 krónur. Þeir eru þegar búnir að gera við gangsetningarvandamálið. Plúsinn á startaranum var laus. Ástæðan fyrir gangtruflunum yfir 2000 snúningum er líklega tengt því að vatn kemst í smurólíuna. Til þess að gera við það leggja þeir til að skipt verði um allar pakkningar þar sem kælivatn fer um. Það er viðgerð upp á 250.000 krónur. MP lagði til að Suzuki viðgerðarverkstæðið hæfi viðgerð.

Samþykkt að kanna betur hvort önnur verkstæði bjóði betri kjör áður en tilboði Suzuki verði tekið. MP og ÓA ætla að kanna það.

Næsti stjórnarfundur boðaður fljótlega.

Fundi slitið klukkan 20:24